

Ár 2010, mánudaginn 27. september, er í áfrýjunardómstól HSÍ í málinu nr. 2/2010:

Handknattleiksdeild Víkings

gegn

handknattleiksdeild Vals

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r :

Mál þetta dæma Þorgeir Ingi Njálsson, Guðjón St. Marteinsson og Gunnar Jónsson.

Áfrýjað er dómi dómstóls HSÍ, uppkveðnum 2. þ.m., en með honum var fallist á kröfu stefnda um að HSÍ beri að staðfesta félagaskipti Hjálmars Þórs Arnarsonar úr Víkingi í Val á grundvelli félagaskiptabeiðni 9. júlí 2010.

Áfrýjandi gerir þá kröfu að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að ákvörðun HSÍ 16. ágúst 2010 um að synja beiðni stefnda um um félagaskipti fyrir Hjálmar Þór Arnarson úr Víkingi í Val verði staðfest.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fyrir liggur að áfrýjandi og Hjálmar Þór Arnarson hafa ekki gert með sér skriflegan viðaukasamning, en A-leikmannasamningur var undirritaður á milli þessara aðila 4. maí 2010 með gildistíma til 1. júní 2012. Er því haldið fram af hálfu áfrýjanda að komist hafi á munnlegur viðaukasamningur á milli hans og leikmannsins. Í framlagðri yfirlýsingu leikmannsins er þessu hafnað.

Í hinum áfrýjaða dómi er komist að þeirri niðurstöðu að það sé gildisskilyrði viðaukasamnings að hann sé skriflegur. Ekki er á þetta fallist, enda verður þeirri niðurstöðu ekki fundin ótvíræð stoð í reglugerð HSÍ um félagaskipti. Á hinn bóginn er það svo að form samnings getur skipt miklu máli um sönnun fyrir tilvist og efni hans, en ágreiningur þar um er tíðum fylgífiskur þess þegar byggt er á munnlegum samningi.

Sá aðili sem heldur því fram að munnlegur samningur hafi komist á ber sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Gegn andmælum Hjálmars Þórs er það mat dómsins að áfrýjanda hafi ekki tekist að sanna að munnlegur viðaukasamningur hafi tekist milli þeirra.

Óumdeilt er í málinu að svonefndur A-leikmannasamningur er aðeins gerður þegar um er að ræða peningagreiðslur eða önnur hlunnindi til leikmanns fyrir að æfa og leika með félagi. Um slíkar greiðslur og hlunnindi er þá samið í sérstökum viðaukasamningi. Er viðaukasamningi þannig ætlað að fela í sér útlistun á þeirri umbun sem leikmaður nýtur fyrir

að æfa og leika handknattleik með því félagi sem hann hefur samið við. Í A-leikmannasamningi er á hinn bóginn mælt fyrir um skyldur leikmanns og þær skyldur sem félag tekist á hendur gagnvart honum umfram það sem viðaukasamningur kveður á um. Þessa tilhögun verður að skýra á þann veg að þessir tveir samningar hafi ekki sjálfstætt gildi og að það sé þannig gildisskilyrði A-leikmannasamnings að viðaukasamningur sé gerður. Breytir þá engu þótt leikmaður skuldbindi sig til þess með A-leikmannasamningi að æfa og leika handknattleik með tilteknu félagi á samningstímanum. Með vísan til þessa og með því að ekki liggur fyrir viðaukasamningur á milli áfrýjanda og Hjálmars Þórs Arnarsonar verður að líta svo á að fyrirbyggjandi A-leikmannasamningur þessara aðila standi því ekki í vegi að staðfesta megi félagaskipti leikmannsins úr Víkingi yfir í Val. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Þorgeir Ingi Njálsson

Guðjón St. Marteinson

Gunnar Jónsson